

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti
Bryndís Helgadóttir
Lindargötu Arnarhvoli
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 30. apríl 2009
Tilvísun: UST20090200144/mik

Umsögn Umhverfisstofnunar um drög að frumvarpi til nýrra vopnalaga

Vísað er til bréfs dóms- og kirkjumálaráðuneytis, dags. 25. febrúar 2009 tilvísun DMK08100119/10.1, þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um drög að frumvarpi til nýrra vopnalaga.

Beðist er velvirðingar á því hve lengi hefur dregist að afgreiða umsögnina.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir framangreind drög og gerir eftirfarandi athugasemdir. Það skal tekið fram að frumvarp til nýrra vopnalaga eru rammalög sem útfærð eru nánar í reglugerðum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur ekki fengið drög að reglugerðum sem settar verða á grundvelli nýrra vopnalaga. Af þeim sökum getur Umhverfisstofnun ekki að öllu leyti metið heildaráhrif frumvarpsins á veiðilöggjöfina.

Umhverfisstofnun fer með veiðistjórnun samkvæmt lögum nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Mikilvægt er að frumvarp til nýrra vopnalaga samræmist gildandi lögum sem varða veiðimenn og veiðistjórnun. Skotvopnaeigendur á Íslandi eru fyrst og fremst veiðimenn, enda einungis lítið brot skotvopnaeigenda sem eru handhafar skotvopnaleyfis í öðrum tilgangi en að stunda veiðar. Umhverfisstofnun telur að eðlilegt hefði verið að stofnunin ætti aðild að skipaðri nefnd um samningu frumvarpsins. Frumvarpið í heild ber þess merki að ekki hafi verið höfð nægjanleg hliðsjón lögum og reglugerðum sem varða veiðimenn og veiðistjórnun.

Athugasemdir sem fylgja frumvarpinu og þá sérstaklega kaflinn „Helstu nýmæli“ þykja ekki endurspeglar þær viðamiklu breytingar sem frumvarpið felur í sér á núgildandi vopnalögum.

Í frumvarpinu er fjöldi viðamikilla breytinga sem auka verulega svigrúm skotvopnaeigenda til þess að fá leyfi fyrir hinum ýmsu skotvopnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 18 ára og eldri geti sótt um leyfi fyrir loftbyssum, en til þess þurfi að sitja námskeið og standast próf að því loknu, sbr. 17. gr. frumvarpsins.

Þessi breyting mun vafalaust hafa það í för með sér að fjöldi manns muni sækja skotvopnanámskeið þegar þeir verða 18 ára en engu að síður fá þeir ekki almennt skotvopnaleyfi fyrr en tveimur árum síðar. Að mati Umhverfisstofnunar er óheppilegt að menn sækji skotvopnanámskeiðið löngu áður en þeir fái leyfi til þess að meðhöndla skotvopn. Á vissan hátt má líkja þessu við að taka bílpróf 15 ára, en fá ekki leyfi til að aka bíl fyrr en tveimur árum síðar. Ennfremur er ekkert í lögunum sem girðir fyrir þann möguleika að 18 ára haldi til veiða með loftbyssur. Frumvarpið er hér því ekki í samræmi við veiðilöggjöfina enda dæmi um það veiðar séu stundaðar á ákveðnum dýrategundum með loftbyssum. Af þessum sökum væri hægt að halda t.d. til rjúpnaveiða með loftbyssum standi þetta óbreytt. Umhverfisstofnun leggur því til að skilyrði fyrir veitingu skotvopnaleyfis verði miðað við 20 ára aldur í öllum tilvikum. Þeir sem hafa áhuga á að æfa skotfimi með loftbyssum geta engu að síður fengið undanþágu frá skotvopnaleyfi, sbr. 4. mgr. 17. gr. frumvarpsins.

Víða í veiðilöggjöfinni er vísað til hinna ýmsu stærða og gerða skotvopna. Flokkar skotvopna munu samkvæmt munnlegum upplýsingum frá nefndarmanni verða skilgreindir í reglugerð sem sett verður með stoð í frumvarpinu. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að tryggja að við skilgreiningu á þessum flokkum verði gætt samræmis við veiðilöggjöfina

Að mati Umhverfisstofnunar vantar ákvæði í frumvarpið um námskeið í meðferð og notkun skotvopna. Í frumvarpinu þarf að tilgreina hver skuli halda slík námskeið sé það einn aðili eða hvaða kröfur séu gerðar til þeirra sem haldi slík námskeið séu það fleiri en einn aðili. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirkomulag skotvopnanámskeiða stangist ekki á við veiðikortanámskeið Umhverfisstofnunar. Það er mikið hagræði fyrir hinn almenna borgara að halda skotvopnanámskeið og veiðikortanámskeið í tengslum við hvort annað, enda fara u.þ.b. 95% þeirra sem sækja skotvopnanámskeið einnig á veiðikortanámskeið.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

A-liður 1. mgr. 2. gr.

Í frumvarpinu kemur fram að lögin gildi ekki um „aðra handhafa ríkisvalds“ Að mati Umhverfisstofnunar er ekki nægjanlega ljóst hverjir kunni að falla undir „aðra handhafa ríkisvalds“ og kann það að valda erfiðleikum við beitingu laganna í framkvæmd Umhverfisstofnunar leggur því til að orðin „annarra handhafa ríkisvalds“ verði tekin úr frumvarpinu eða aðrir handhafar ríkisvalds verði tilgreindir nákvæmlega.

C-liður 3. mgr. 2. gr.

Ekki er ljóst samkvæmt frumvarpinu hvað við er átt með „sláturdýr“. Skilgreina þarf orðið „sláturdýr“.. Umhverfisstofnun leggur til að stuðst verði við skilgreiningu á sláturdýrum sem er að finna í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum. Lagt er til að eftirfarandi skilgreiningu verði bætt við 3. gr. frumvarpsins: „Sláturdýr: Sauðfé, nautgripir, hross, svín, geitfé, hreindýr, alifuglar og önnur dýr sem slátrað er til manneldis.“

H-liður 3. mgr. 2. gr., sbr. e-liður 3. mgr. 2. gr. Að mati Umhverfisstofnunar vantar nánari tilgreiningu á hvaða vopn eru hernaðarvopn og hvaða skotfæri tilheyri þeim. Kalíberin .223 og .308 eru t.d. svonefnd hernaðarkalíber Bandaríkjamanna. Þessi kalíber eru einnig notuð í hina ýmsu veiðiriffla. Hér er því um að ræða kalíber sem eru notuð í hernaðarvopn, en þó ekki eingöngu. Umhverfisstofnun leggur til að hernaðarvopn og skotfæri sem notuð eru í þau verði skilgreind í frumvarpinu.

Þannig má koma í veg fyrir vandamál við túlkun laganna þegar um er að ræða skotfæri sem geta verið notuð bæði í hernaðarvopn og veiðiriffla, sbr. að hér að framan.

3. mgr. 3. gr.

Orðalag í skilgreiningu á sjálfvirku skotvopni er óheppilegt. Í skilgreininguna vantar að gefa til kynna að skotum sé hleypt af svo lengi sem skot eru í skotgeymi og réttara þykir að tala um skothús í stað hlaups. Víðar í frumvarpstextanum mætti nota orðið skothús í stað hlaups eigi það við.

Umhverfisstofnun leggur til að skilgreining á sjálfvirku skotvopni hljóði: „Sjálfvirkt skotvopn er skotvopn sem skjóta má úr röð skota með þeim hætti að afl úr skoti er látið draga úr skothúsinu tómmt skothylki (sé því til að dreifa), spenna bóg vopnsins, færa nýtt skot úr skotgeymi í skothús og skotvopnið hleypir af skotum jafn lengi og þrýst er á gikkinn og skot eru til staðar í skotgeymi“

10. mgr. 3. gr.

Ekki þykir heppilegt að skilgreina hugtakið „skot“ með því að tala um „fullgert skot“. Heppilegra væri að skilgreina hugtakið „skot“ án þess að nota sjálft hugtakið til að lýsa sjálfu sér.

20. mgr. 3. gr.

Þegar ákveðin kalíber eru „orkumæld“ er að jafnaði talað um slagkraft í stað hreyfiorku. Heppilegra væri því að nota orðið slagkraft í stað hreyfiorku. Í nágrannalöndum okkar og þeim bókum sem gefnar hafa verið út um þetta efni er jafnan verið að lýsa þeim krafti sem leysist úr læðingi þegar skot hafnar í skotmarki á ákveðnu skotfæri. Er því verið að mæla slagkraft á ákveðnu færi, t.d. við hlaup, á 100 m færi eða 200 m færi sem jafnan er skrifað S0, S100 eða S200 eftir því á hvaða vegalengd slagkrafturinn er mældur (Svíar, Danir, Norðmenn og Finnar nota orðið „anslagsenergi“ sem þeir skrifa sem E0, E100 eða E200, eftir vegalengd og flokka þeir jafnframt hin ýmsu kalíber niður í flokka eftir slagkrafti á 100 m). Orðið hreyfiorka er ekki jafn lýsandi og orðið slagkraftur þegar lýsa skal því sem raunverulega er verið að mæla. Mælst er því til að orðið slagkraftur verði frekar notað. Það að nota júl sem mælieiningu er vel til fallið í ljósi þess að sú mælieining er notuð í Svíþjóð, Finnlandi, Noregi og Danmörku til að mæla slagkraft. Umhverfisstofnun leggur til að hugtakið slagkraftur verði notað í stað hreyfiorku.

2. mgr. 5. gr.

Getur valdið vafa hvað sé átt við með „meginhluta“ skotvopns. Bætra að skilgreina meginhluta skotvopns.

4. liður 6. gr.

Skilgreiningu skortir á „brynvörn“. Fjöldi veiðikalíbera gæti eflaust farið í gegnum lélega brynvörn.

5. liður 6. gr.

Ekki er skilgreint í frumvarpinu hvaða vopn eru ætluð til veiða og hver ekki. Ætla má að slík skilgreining muni liggja fyrir í reglugerð sem sett verður með stoð í lögnum, en meira eða minna öll skotvopn hér á landi eru ætluð til veiða. Í lögum nr. 16/1998 er gert ráð fyrir að ekki sé hægt að fá leyfi fyrir skotvopni nema notkun þess sé bundin íþróttaskotfími, veiðum eða öðrum lögmætum tilgangi og öll vopn flokkuð eftir því. Ef vopn eru ekki flokkuð með sama hætti og var, er óheppilegt að nefna veiðivopn sérstaklega nema skilgreining eða flokkun liggi fyrir.

2. mgr. 7. gr.

Að mati Umhverfisstofnunar ætti að forðast matsbundin skilyrði fyrir útgáfu leyfa, sbr. orðalagið „að lögreglustjóri telji umsækjanda hafa til þess nægilega þekkingu“. Færi betur á því að gera skilyrði um setu á námskeiði og próf að því loknu til þess að öðlast leyfi. Jafnframt ætti að kveða á um helstu þætti sem fjalla eigi um á slíku námskeiði. Ennfremur á að tilgreina þann aðila sem heldur slík námskeið og hvaða kröfur eigi gera til þess sem heldur slík námskeið. Umhverfisstofnun vill þó benda á að á Norðurlöndum er ekki gerð krafa um að leyfi þurfi til endurhleðslu kalíbera til eigin nota. Hugsanlega mætti útfæra þetta þannig að þessi leyfisveiting væri í tengslum við svonefnt B-leyfi, samkvæmt nágildandi löggjöf eða ekki þurfi sérstakt leyfi til endurhleðslu sé á annan borð búið að veita leyfi fyrir tilteknu kalíberi. Endurhleðsluleyfi og námskeið verði bundið við þá sem ætla sér að endurhlaða í atvinnuskyni.

2. mgr. 10. gr.

Hér er kveðið á um að skylt sé að númera skotvopn sem ekki er númerað við komuna til landsins áður en það er afhent innflytjanda. Í frumvarpinu kemur ekki fram hver skuli framkvæma það. Umhverfisstofnun leggur til að byssusmiðir, sbr. 4. gr. frumvarpsins framkvæmi það gegn ákveðnu gjaldi sem ákveðið er í lögnum og innflytjandi greiðir.

2. mgr. 11. gr.

Orðalagið „öðrum nauðsynlegum skilríkum um þetta“ er óljóst. Heppilegra væri að tilgreina hvaða skilríkjum, t.d. persónuskilríkjum, skotvopnaskírteini eða Evrópuskotvopnaskírteini ef því er til að dreifa. Ef Evrópuskotvopnaskírteini er ekki til staðar, þá skjölum því til staðfestingar frá yfirvöldum sem heimila útflutninginn.

4. mgr. 12. gr.

Varðandi heimild ráðherra til að setja í reglugerð ákvæði um „prófun skotvopna sem flutt eru til landsins“. Ekki liggur fyrir hvernig ákvæði þetta verður í reglugerðinni, en hafa ber í huga að þetta ákvæði gæti valdið vandkvæðum ef þetta yrði sett sem skilyrði þar sem ekki er víst að allir framleiðendur láti prófunarvottorð fylgja, auk þess sem ekkert bannar mönnum að flytja inn notuð skotvopn frá öðrum einstaklingum erlendis. Ólíklegt er að vottorð um prófun liggi ávallt fyrir nema um nýtt vopn sé að ræða.

3. mgr. 16. gr.

Varðandi heimild lögreglustjóra til að „kanna hæfi“ leyfishafa. Umhverfisstofnun leggur til að nánar verði tilgreint til hvaða atriða lögreglustjóri eigi að líta við mat á hæfi leyfishafa og hvaða þættir verði til þess að leyfishafi fái ekki endurnýjun. Að mati Umhverfisstofnunar er texti núverandi frumvarps ekki nægjanlega skýr hvað þetta varðar.

A-liður 1. mgr. 17. gr.

Sjá athugasemd framar.

G-liður 1. mgr. 17. gr.

Að mati Umhverfisstofnunar þarf að setja ákvæði í frumvarpi um helstu þætti þessara námskeiða, sbr. athugasemdir að framan.

2. mgr. 17. gr.

Samkvæmt 2. málslíð 2. mgr. 17. gr. getur sú staða komið upp að einstaklingur sem refsað hafi verið fyrir brot með þyngri refsingu en 6 mánaða fangelsi fái aldrei framar tækifæri á að öðlast skotvopnaleyfi aftur. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að bæta við 43. gr. frumvarpsins að svipting réttinda sé til tiltekins tíma, allt að fimm árum eða ævilangt sé um stórfellt brot að ræða.

Þá væri unnt að orða 2. mgr. 17. gr. á þann veg að „Lögreglustjóri getur veitt umsækjanda leyfi fyrir skotvopni þegar sá tími er liðinn sem ákveðinn er í dómi fyrir brot samkvæmt flið 1. mgr.“

3. mgr. 17. gr.

Það má velta upp þeirri spurningu hvort unnt sé í öllum tilvikum að tilkynna yfirvöldum um leyfisveitingu skv. þessari grein. Ef til vill rétt að setja fyrirvaran „ef unnt er“ í lok annars málsliðar.

2. liður 4. mgr. 17. gr.

Í 2. lið er notað orðið byrjendur. Heppilegt væri að skilgreina í hverju orðið byrjandi felst. Umhverfisstofnun leggur til að þeir flokkar sem vísað er til í 2. lið verði tilgreindir nákvæmlega.

18. gr.

Orðalag 2. málsliðar er ónákvæmt. Umhverfisstofnun leggur til að 2. málsliður verði á þessa leið: "Skal þá notkun skotvopnsins bundin við einn tiltekinn einstakling sem ber ábyrgð á vörslu þess" Annars má skilja þennan málslið svo að þarna sé honum skylt að nota skotvopnið. Meiningin er eflaust sú að notkun skotvopna sem skráð er á lögaðila sé samt sem áður bundin við ákveðinn einstakling.

19. gr.

Sárafaír Íslendingar eiga meira en 20 skotvopn. Hins vegar ef einn og sami maðurinn er bæði veiðimaður og íþróttaskytta er ekki ólíklegt að þörf sé fyrir að eiga meira en 20 skotvopn. Umhverfisstofnun leggur til að herða kröfur um geymslu skotvopna þegar komið er yfir ákveðinn fjölda, eða leggja það í hendur lögreglustjóra að veita undanþágur sem byggjast á úttekt á húsnæði og öryggismálum. Vandamál sem tengjast skotvopnum hérlendis eru ekki endilega tengd þessum fáu aðilum sem eiga mörg skotvopn. Fremur er þörf á að efla kröfur til geymslu skotvopna. Lagt er til að breyta þessu ákvæði úr því að vera bann við að eiga 20 skotvopn eða fleiri, í það að gera sömu kröfur um geymslu skotvopna umfram 20 og gerðar eru til skotvopnasafnara.

1. mgr. 20. gr.

Vísað er í 2. mgr. 42. gr. Á væntanlega að vera frekar 2. mgr. 41. gr.

21. gr.

Þessi grein varðar stofnun skotiþróttafélaga. Í 4. lið er tilgreint að lágmark 20 stofnendur skotfélagsins þurfi allir að hafa skotvopnaleyfi. Í eldri lögum var sama ákvæði, nema hvað ekki var þörf á skotvopnaleyfi. Ekki er víst að nauðsynlegt sé að allir hafi skotvopnaleyfi. Aðrar greinar í þessum lögum vísa til þess að iðkendur skotfimi þurfi ekki endilega að hafa skotvopnaleyfi hafi þeir náð ákveðnum aldri. Ástæðulaust er að varna þeim að geta verið stofnfélagar í íþróttaskotfélagi.

1. mgr. 24. gr.

Varðar það að sýna skotvopnaskýrteinið þegar „lögregla eða þar til bær aðili krefst þess“. Orðalag þetta er óljóst þar sem „þar til bær aðili“ er óskilgreint hugtak. Eðlilegra væri að binda þetta t.d. eingöngu við lögreglu og söluaðila skotfæra.

14. liður 29. gr.

Varðar heimild ráðherra til þess að setja í reglugerð nánari ákvæði. Í 13. lið væri heppilegt að bæta við veiðum í ljósi þess að opnað er fyrir víðtækari notkun skotvopna heldur en eingöngu fyrir skotfimi.

1. mgr. 31. gr.

Víða í lagatextanum er talað um heimildir sem lögreglustjóri veiti, t.d. hljóðdeyfa ofl. Hér er eina tilfellið þar sem talað er um lögreglustjóra í umdæmi lögheimilis. Til að gæta samræmis væri heppilegra að gera það allsstaðar eða hvergi.

G-liður 2. mgr. 36. gr.

Orðalagið „að mati lögreglustjóra“ er of matsbundið að mati Umhverfisstofnunar. Á að vera bundið einungis við námskeið og próf.

2. mgr. 39. gr.

Samkvæmt greininni er hægt að fá undanþágu fyrir lásbogum. Í nágildandi vopnalögum er bannað að flytja inn og eiga lásboga. Þessi breyting felur í sér að hægt verður að nota lásboga við veiðar, enda er hægt að skjóta frá öxl af lásboga og veiðilöggjöfin leyfir slík vopn við veiðar. Það er því ljóst að ef lásbogar verða leyfðir þarf að breyta veiðilöggjöfinni þannig að óheimilt sé að nota lásboga við veiðar.

43. gr.

Umhverfisstofnun leggur til að svipting réttinda verði til tiltekins tíma, allt að fimm árum eða ævilangt sé um að ræða stórfelld brot.

3. mgr. 44. gr.


Með þessari grein fæst heimild til þess að gera öll skotvopn og skotfæri upptæk sé „brot stórfellt“. Taka þarf fram að stórfellt brot gegn frumvarpinu leiði til þess að öll skotvopn og skotfæri geti verið gerð upptæk.

5. mgr. 44. gr.


Að mati Umhverfisstofnunar ætti meginreglan að vera sú að munir sem lagt hald er á eða gerðir upptækir séu seldir á almennum markaði eða að öðrum kosti eyðilagðir. Umhverfisstofnun leggur því til að bætt verði við 5. mgr. 44. gr. frumvarpsins 6. mgr. sem hljóði: „Lögreglustjóri skal eigi síðar en níu mánuðum eftir að munir skv. 5. mgr. koma í vörslu hans hafa boðið þá til sölu, eyðilagt þá eða gert þá óvirka. Takist lögreglustjóra ekki að selja munina skulu þeir eyðilagðir eða gerðir óvirkir.“

Umhverfisstofnun er reiðubúin til þess að veita frekari skýringar á þeim atriðum sem fram koma í þessari umsögn. Jafnframt er stofnunin tilbúin til þess að koma að samningu reglugerða settum samkvæmt frumvarpinu til þess að tryggja samræmi þeirra við veiðilöggjöfina

Virðingarfyllt



Kjartan Ingvarsson
Lögfræðingur



Einar Guðmann
Sérfræðingur